

# Dýnur

Upplýsingar um ábyrgðir

10



Daglegt heimilislíf gerir miklar kröfur til dýna. IKEA dýnur hafa gengist undir margvíslegar prófanir til að tryggja að þær uppfylli stranga gæða- og endingarstaðla okkar og standist ströngustu kröfur sem gerðar eru til húsbúnaðar. Því getum við boðið upp á 10 ára ábyrgð sem nær yfir galla í efni og framleiðslu á dýnunum okkar. Ábyrgðin gildir samkvæmt ábyrgðarskilmálum sem koma fram í þessum bæklingi.

**10**

Dýnur eru með  
10 ára ábyrgð.

### **Hversu lengi gildir ábyrgðin?**

Ábyrgðin gildir í 10 ár frá þeim degi sem varan er keypt í IKEA. Upphafleg kvittun þarf að fylgja með sem staðfesting á kaupunum. Ábyrgðin gildir eingöngu fyrir þann aðila sem upprunalega kaupir vöruna. Hún færir ekki á milli eigenda.

### **Hvað fellur undir þessa ábyrgð?**

Ábyrgðin nær aðeins til heimilisafnota og nær til galla í efni og framleiðslu á öllum IKEA dýnum. Ábyrgðin nær yfir saumsprettur, skemmda gorma, slitin handföng og verulegt sig í dýnunum.

### **Hvaða vörur falla ekki undir þessa ábyrgð?**

Ábyrgðin nær ekki yfir yfirdýnur, dýnubotna, dýnur í svefnsófa og barnadýnur.

## **Hvað gerir IKEA til að leysa vandann?**

IKEA skoðar vöruna og tekur ákvörðun um hvort ábyrgðin gildi í hverju tilfelli fyrir sig. IKEA áskilur sér rétt til að úrskurða um það eins fljótt og auðið er eftir að vörunni er skilað. Ef ábyrgðin er í gildi ákveður IKEA hvort gert er við vöruna eða henni skipt út fyrir sömu vöru eða sambærilega. IKEA ber þá kostnað af viðgerð, varahlutum, vinnu og ferðum starfsfólks sem IKEA fær til viðgerðanna. Þetta á þó aðeins við ef varan er aðgengileg án þess að viðbótarkostnaður hljóti af. Þetta á ekki við í þeim tilfellum þar sem viðgerð hefur farið fram án heimildar IKEA. Allir gallaðir hlutar sem fjarlægðir eru við viðgerð eru eign IKEA. Ef varan er ekki lengur seld hjá IKEA verður viðskiptavininn útveguð sambærileg vara. IKEA áskilur sér rétt til að ákveða hverju sinni hvað er sambærileg vara.

## **Hvað fellur ekki undir þessa ábyrgð?**

Ábyrgðin gildir ekki um vörur sem hafa verið geymdar eða settar upp á rangan hátt, notaðar á óviðeigandi hátt, hlotið slæma meðhöndlun, verið breytt eða hreinsaðar með röngum efnum eða aðferðum.

Ábyrgðin nær ekki yfir venjulega notkun, bletti, rifur, skurði eða skemmdir vegna óhappa eða högga.

Ábyrgðin gildir ekki ef varan hefur verið notuð utandyra eða þar sem er raki.

Ábyrgðin nær ekki yfir skaða vegna tilfallandi eða afleidds tjóns.

## **Dýnurnar okkar eru prófaðar**

Til að prófa styrk og endingu notum við vél sem líkir eftir hreyfingum 140 kg einstaklings sem veltir sér 50.000 sinnum í rúminu. Þrýstimælir mælir þrýsting á gorma, grindur, rimla og fyllingu. Dýnan þarf að standast ströngustu kröfur.

## **Umhirðuleiðbeiningar**

Bættu við yfirdýnu eða dýnuhlíf. Þær halda dýnunni þinni hreinni og það er auðvelt að taka þær af og hreinsa. Sumar dýnur og yfirdýnur eru með áklæði sem má þvo. Lestu umhirðuleiðbeiningarnar til að fá nánari upplýsingar. Gættu þess að rennilásinn sé lokaður þegar áklæðið er þvegið. Til þess að draga úr ryki og rykmaurum er gott að ryksuga dýnuna reglulega. Notaðu blettahreinsi til að fjarlægja bletti af dýnum með föstu áklæði. Við mælum með að snúa þeim dýnum sem þarf að snúa á þriggja mánaða fresti (svo að fæturnir séu þar sem hausinn var og öfugt). Það tryggir jafnari notkun og hámarkar þægindi dýnunnar. Ekki brjóta dýnuna saman. Það getur skemmt gorma og annað inni í henni. Jafnvel bestu dýnurnar tapa þægindum sínum með tímanum og ryk og rykmaurar safnast fyrir í öllum dýnum eftir því sem árin líða. Við mælum því með að þú skiptir um dýnu á 8 til 10 ára fresti.

## Áður en þú byrjar að nota dýnuna

Í upphafi getur þér þótt nýja dýnan þín of stíf. Gefðu henni mánuð til svo að líkaminn fái tíma til að venjast henni og dýnan að venjast þér. Til að hámarka þægindin þarftu réttan kodd. Vertu viss um að nota kodd sem hentar þér og nýju dýnunni. Dýnur sem eru upprúllaðar ná eðlilegri lögun á þremur til fjórum dögum eftir að þær eru teknar úr umbúðunum. Öll ný efni gefa frá sér sérstaka lykt sem hverfur smátt og smátt. Hægt er að viðra og ryksuga dýnuna til að losna fyrr við lyktina.

## Almenn réttindi

Ábyrgðin veitir þér tiltekin réttindi. Hún hefur á engan hátt áhrif á lagalegan rétt þinn.

## Hafðu samband

Ef þú þarft frekari upplýsingar getur þú haft samband við IKEA í síma 520 2500 eða á [IKEA.is](https://www.ikea.is).

## Geymdu kvittunina

Hún er staðfesting á kaupunum og hennar er krafist til að ábyrgðin gildi. Ef eitthvað kemur upp á eða ef varan stenst ekki kröfur þínar, vinsamlega hafðu þá samband við IKEA á [IKEA.is](https://www.ikea.is) eða hringdu í 520 2500.

